Ed. **464. Frumvarp til laga** [236. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anbari, Lahcen, verkamaður í Reykjavík, f. 17. október 1957 í Marokkó.
2. Anderlová, Alena, arkitekt í Reykjavík, f. 21. janúar 1945 í Tékkóslóvakíu.
3. Boulter, John Andres, sjómaður í Reykjavík, f. 20. nóvember 1957 í Bandaríkjunum.
4. Fleckenstein, Randall Craig, kennslufræðingur í Reykjavík, f. 16. júní 1952 í Bandaríkjunum.
5. Hand, Patricia Isobel, skrifstofumaður í Vogum, Vatnsleysuströnd, f. 2. janúar 1939 í Ástralíu.
6. Hoeltje, Claudia, fiðluleikari í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Brasilíu.
7. Johnson, Stephen Robert, verkamaður á Höfn í Hornafirði, f. 22. október 1952 í Englandi.
8. Labidi, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 9. ágúst 1957 í Túnis.
9. Laskowska-Valsson, Janina, veitingahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 18. desember 1960 í Póllandi.
10. Lau Ming Loy, matsveinn í Reykjavík, f. 3. apríl 1956 í Malaysíu.
11. Marth, Ulrich Richard Wilhelm, forstjóri í Rangárvallasýslu, f. 23. desember 1920 í Þýskalandi.
12. Moestrup, Jörgen Ernst Grum, markaðsstjóri í Kópavogi, f. 28. ágúst 1944 í Danmörku.
13. Raiss Hammouch, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. nóvember 1954 í Marokkó.
14. Reid, Rosalind Johanna, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 27. febrúar 1950 í Englandi.
15. Slaughter, Jacqueline Mary, námsstjóri í Reykjavík, f. 23. september 1940 í Englandi.
16. Sævar Leifsson, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. 5. júní 1951 í Reykjavík.
17. Vestergård, Súsanna Helen, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 6. september 1958 í Reykjavík.
18. Vilhjálmur Hörður Vilhjálmsson, flugmaður í Reykjavík, f. 23. desember 1958 í Reykjavík.
19. Zielinski, Barbara, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. ágúst 1956 í Póllandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn – ásamt því sem hann ber fyrir – er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt ef hann kýs heldur að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, þó þannig að umsækjandi nr. 16 fullnægir ekki skilyrðum um dvalartíma fyrr en 5. ágúst 1986.